

Sveitarfélagið Árborg
Stella Rúnarsdóttir
Austurvegur 2, 800 Selfossi

2. október 2025, Reykjavík
UOS2509100/E.S.F.

Umsögn – Breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag – Fossnes – iðnaðarlóð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Árborgar er barst þann 11. september 2025 þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um skipulagslýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 og nýtt deiliskipulag í landi Fossness.

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið nái yfir 10,6 ha lands sem nær yfir tvær lóðir Sláturfélagsins. Annars vegar er um að ræða lóð sláturhússins, sem er 9,6 ha að stærð og hins vegar lóð Bjargs, sem er um 1 ha að stærð.

Innan skipulagsreits er að finna verslunar- og þjónustureit (VP5), iðnaðarsvæði (I2) og opið svæði (OP1) sem er útivistarsvæði meðfram Ölfusá en nær inn á báðar lóðir Sláturfélagsins. Í fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu er gert ráð fyrir breytingu á landnotkun.

Umsögn Umhverfis- og orkustofnunar

Í kafla 3.6 Vatnshlot, er fjallað um stjórn vatnamála og vatnshlot. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að í aðal- og deiliskipulagi er æskilegt að vísað sé í lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og gerð grein fyrir því hvort að einhver landnotkunin sem þar er skilgreind muni þurfa áhrifamat á vatnshlot á síðari stigum. Í tilfelli Sláturfélags Suðurlands er um að ræða mengandi starfsemi sem getur haft áhrif á vatnshlot og því mikilvægt að hugað sé að mótvægisáðgerðum, t.d. viðeigandi hreinsun á fráveitu.

Í skipulagslýsingunni kemur fram: „*Val og hönnun hreinsivirkja verður gerð í samráði við Sveitarfélagið Árborg og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, auk annarra stofnana sem koma að leyfisveitingu starfsleyfis.*“ Fyrirhugaðar skipulagsbreytingar fela í sér stækkun sláturhúss/afurðastöðvar Sláturfélags Suðurlands og Umhverfis- og orkustofnun telur mjög jákvætt og nauðsynlegt að samhliða þeirri stækkun verði byggt upp fullnægjandi hreinsivirki sem tekur við frárennsli frá starfseminni.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að starfsemi Sláturfélags Suðurlands fellur undir lið 6.4 a) í viðauka I laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lið 6.4 a) í viðauka I reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og það er því Umhverfis- og orkustofnun sem gefur út starfsleyfi fyrir starfsemi Sláturfélags Suðurlands. Fráveita frá þeirri starfsemi mun vera leidd í gegnum þessi hreinsivirki og því æskilegt að haft

verði samráð Umhverfis- og orkustofnun varðandi val og hönnun á hreinsivirkjum svo að þau uppfylli þær kröfur sem gerðar eru varðandi hreinsun á skólpi frá sláturhúsum.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að besta aðgengilega tækni fyrir sláturhús hefur verið skilgreind í „Best Available Techniques (BAT) Reference Document for Slaughterhouses, Animal By-products and/or Edible Co-products Industries“, 2023 og BAT-niðurstöðum fyrir sláturhús, iðnað fyrir aukaafurðir úr dýrum og/eða ætar samafurðir.¹ Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að horft verði til þessara BAT-niðurstaðna við uppbyggingu starfseminnar og við val á hreinsivirki. Í því samhengi má benda á að besta aðgengilega tækni 14 fjallar um tækni til að meðhöndla skólp.

Varðandi tilvitnanir í lög og reglugerðir þá bendir stofnunin á að reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti er brottfallin, felld brott með reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti. Einnig má benda á að það eru ekki lög nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota heldur reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Virðingarfyllst,

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

Teymi leyfa og umsagna

Rakel Sæmundsdóttir

Teymi leyfa og umsagna

¹ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2749 um að fastsetja niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB um losun í iðnaði, fyrir sláturhús og iðnað fyrir aukaafurðir úr dýrum og/eða ætar samafurðir sem hafa verið innleiddar með reglugerð nr. 935/2018.